ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 20. janúar 1999 • 3. tbl. • 16. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Kuldagallinn bjargaði

Fékk logandi bensín yfir sig

Ungur maður í Bolungarvík brenndist illa á höndum og nokkuð í andliti sl. fimmtudag þegar logandi bensín skvettist á hann. Hann var klæddur þykkum kuldasamfestingi og mun honum að þakka að ekki fór verr.

Málsatvik voru þau, að maðurinn var ásamt fleirum að vinna við bílaviðgerðir í húsnæði þar sem aðstaða er til viðgerða. Hann tók fat með bensíni og ætlaði að bera það út. Einhver mun skömmu áður hafa kastað logandi sígarettustubb á gólfið með fyrrgreindum afleiðingum

Félagar mannsins náðu að slökkva eldinn í fötum hans með duftslökkvitæki en áður hafði hann sjálfur slökkt í logandi bensíninu í andliti sér með hettunni á gallanum. Hann gekkst undir húðágræðslu á höndum. Brunasárin í andlitinu eiga hins vegar að jafna sig af sjálfsdáðum á árinu, að sögn lækna.

Þorsteinn Jóhannesson yfirlæknir segir þetta slys alvarlega áminningu um að bensín og vindlingareykingar eigi enga samleið. Árið 1992 varð banaslys við svipaðar aðstæður á Flateyri.

Íþróttamaður ársins

Tíu ára Bolvíkingur, Svala Sif Sigurgeirsdóttir, var útnefndur íþróttamaður Bolungarvíkur árið 1998, í hófi sem haldið var í Finnabæ í Bolungarvík á laugardag. Auk Svölu Sifjar sem stundar sund með góðum árangri, fengu yfir tuttugu íþróttamenn viðurkenningar fyrir árangur sinn, þar á meðal bróðir hennar, Þórarinn Leifur, sem einnig hefur sundið sem aðalíþróttagrein. Sjá nánar viðtal við Svölu Sif á bls. 4 og frétt og myndir frá hófinu í Finnabæ á bls. 6.

Bolungarvík

Sjötíu og þrjú mál á liðnu ári

Sjötíu og þrjú mál af ýmsum toga komu til kasta lögreglunnar í Bolungarvík á nýliðnu ári eða eitt á fimm daga fresti að jafnaði. Ef skoðaðir eru einstakir málaflokkar var langmest um of hraðan akstur eða 16 mál. Næstmest var um eignatjón í umferðaróhöppum eða átta tilvik.

Í hverjum eftirtalinna málaflokka var um þrjú mál að ræða: Innbrot; þjófnaður; minniháttar eignaspjöll; ölvun við akstur; ökutæki lagt þannig að það skapaði óþægindi eða hættu fyrir umferð. Tvisvar var um að ræða hótanir; minni háttar bruna; skriðuföll; ökuskírteini ekki meðferðis; ökumaður ekki í bílbelti.

Miklar rafmagnstruflanir í óveðrinu

Lægðin sem olli óveðrinu um land allt á laugardaginn var ein af þeim dýpstu sem um getur á norðanverðu Atlantshafi. Á Vestfjörðum urðu miklar rafmagnstruflanir, auk þess sem samgöngur fóru úr skorðum. Sjá nánar á bls. 2.

„Ég les allan fjandann“

– segir nýi héraðsdómarinn á Ísafirði, Erlingur Sigtryggsson, m.a. í skemmtilegu viðtali. Sjá miðopnu.

Ísafjörður

Skíðafélagið vill Skíðavikuna 1999

Stjórn Skíðafélags Ísafjarðar hefur óskað eftir að taka að sér umsjón Skíðavikunnar á komandi páskum.

Menningarfulltrúi og íþróttafulltrúi mæla með þessari ósk og leggja jafnframt til að forstöðumaður skíðasvæðanna eigi sæti í framkvæmdanefnd. Bæjarstjóra hefur verið falið að ræða við stjórn Skíðafélagsins um þessi mál og leggja tillögu fyrir bæjarráð.

Tölvuþjónustan Snerpa ræður skólastjóra

Námskeið fyrir tölvuhrædda meðal nýjunga

Tölvuþjónustan Snerpa á Ísafirði hefur ráðið sérstakan skólastjóra til að sjá um og skipuleggja tölvunámskeið fyrirtækisins. Það er Svavar Þór Guðmundsson, kennari við Grunnskólann á Ísafirði.

Á næstunni verður boðið upp á fleiri og fjölbreyttari tölvunámskeið hjá Snerpu en áður. Meðal nýjunga má nefna sérstakt námskeið fyrir tölvuhrædda – „sumir hafa ægilega fóbíu gagnvart tölvum og við ætlum að hjálpa fólki til að vinna bug á því“, sagði Jón Arnar Gestsson hjá Snerpu í samtali við BB. Einnig má nefna, að stefnt er að því að byrja aftur með námskeið þau sem nefnd hafa verið Framtíðarbörn.

Fyrir skömmu hófst hjá Snerpu námskeið í notkun Autocad-tækniteikniforrita. . Námskeiðið er fullsetið og stendur til að halda annað.

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Menning innan veggja nýrra húsa

„Sú kemur tíð, er sárin foldar gróa, / sveitirnar fyllast, akrar hylja móa, / brauð veitir sonum móðurmoldin frjóa, / menningin vex í lundum nýrra skóga", kvað Hannes Hafstein, fyrrum þingmaður Ísfirðinga og fyrsti ráðherra landsins í aldamótakvæði sínu.

Þetta eru orð stórhuga manns, sem kvað boðorðið eitt: „að elska, byggja og treysta á landið" og skal hverjum og einum lesenda eftirlátið að velta því fyrir sér hvernig við höfum nýtt öldina, sem senn hefur runnið skeið sitt, til að láta draum skáldsins og stjórnmálamannsins rætast.

Enn eina ferðina upplifir landsbyggðarfólk enn eina úttektina og umfjöllunina á því hversu erfitt það sé að halda landinu í byggð, hversu ört fólkinu fækki, hversu eðlilegt það sé að fólkið leiti þangað sem það fær þjónustu og síðast en ekki síst erum við frædd um það að fólkið þurfi andlega næringu, því sæki það í þéttbýlið þar sem menningin er á hverju götuhorni; drauminn um menningu í lundum nýrra skóga er aðeins að finna í fornum kveðskap.

En nú skal úr bætt. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hressa upp á pasturslítið menningarlíf strjálbýlinga og af raunsnarskap sínum ákveðið að skáka einum fimm menningarbyggingum (til að byrja með) víðsvegar um landið. Reyndar strax komin upp sú staða að færri fá en vilja og þingmannakapphlaup hafið. Við upphaf þessa annars átaks stjórnvalda til að hressa upp á menninguna í fámenninu (sögu fyrra átaksins er að finna í mismikið notuðum aragrúa félagsheimila nánast í hverjum hreppi) er flest óljóst nema að í þessum nýju menningarhúsum á að vera athvarf fyrir listir leiks og tóna. (Varla þó ört stækkandi sinfóníuhljómsveit.)

Í fögnuðinum yfir að eignast nýjar opinberar byggingar hefur spurningin um framhaldið, þ.e. fjármagn til viðhalds og reksturs, og þar með möguleika til að nýta húsnæðið til frambúðar, sjaldnast náð að spilla vígslugleðinni. Hér á við hið fornkveðna að í upphafi skyldi endirinn skoða.

Menntamálaráðherra segir almenna ánægju með menningarhúsin fyrirhuguðu. Ekki eru þó allir á eitt sáttir. Sérstök ástæða er til að vekja athygli á grein Hlyns Þórs, blaðamanns, í síðasta tbl. BB. Hlynur segir að þetta hljómi ekki vel í sínum eyrum og hann lýkur greininni með þessum orðum: „Vissulega ber að fagna því þegar ríkisvaldið sýnir einhvern lit í málefnum hinna dreifðu byggða. En þeim lit þarf að fylgja vit. Gef oss í dag vort daglegt brauð, leyf oss að veiða fiskinn í sjónum. Svo skulum við sjá sjálf um menninguna."

Það skyldi nú aldrei vera að búið sé að skerða svo sjálfsbjargarviðleitni íbúa hinna dreifðu byggða að lítið sé eftir fyrir menninguna. Mörg þessara byggðalaga eiga sér þó langa og merkilega menningarsögu.

Það er nefnilega rétt, sem Hlynur Þór segir, að menningin er ekki hús, heldur fólk.

s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Óhæfur / vanhæfur

Hugtakið *óhæfur* merkir, að viðkomandi hafi alls ekki burði (menntun, þekkingu, hæfileika eða annað) til þess að taka afstöðu í máli eða vinna tiltekið verk. Þá er talað um *hæfni* eða skort á henni.

Hugtakið *vanhæfur* merkir hins vegar, að viðkomandi sé í þeim tengslum við ákveðið mál eða málsaðilja, að óviðeigandi sé að hann blandi sér í það. Þá er talað um *hæfi* eða *vanhæfi*. Það segir hins vegar ekkert um hæfni hans.

Algengt er að þessu sé ruglað saman, ekki síst í útvarpinu. Smit sem þaðan berst skilar sér afar fljótt út í daglegt mál almennings.

Langvinnt rafmagnsleysi á Ísafirði í óveðrinu

Helsta ástæðan var bilun í dieselvél í varaaflsstöðinni

Í stórviðrinu á laugardaginn var talsvert um rafmagnsleysi á Vestfjörðum. Í einstökum hverfum á Ísafirði var rafmagnslaust samtals um tólf klukkustundir á um fimmtán klukkustunda tímabili. Rafmagnið fór klukkan að ganga þrjú um nóttina og þá var um átta klukkustunda rafmagnsleysi. Eftir þriggja stunda rafmagn var aftur rafmagnslaust í fjóra tíma eða þar um bil. Í seinna skiptið lækkaði spennan smátt og smátt og rafmagnið var eilífðartíma að deyja út, að því er fólki fannst, enda þótt það hafi í raun og veru ekki tekið nema tíu til fimmtán sekúndur. Við þetta vakna ýmsar spurningar. BB leitaði til Kristjáns Haraldssonar orkubússtjóra.

Varaaflsstöð Orkubús Vestfjarða í Mjósundunum á Ísafirði.

„Vesturlína (línan frá Rarik) sló út að ganga þrjú um nóttina og við það urðu allir Vestfirðir rafmagnslausir. Þá var gengið í að tína inn allt tiltækt varaafl. Við náðum ekki tengingu við Mjólkárvirkjun, vegna þess að okkar línur slógu út líka. Þetta var allt vegna seltu. Þetta hefði í sjálfu sér ekki skapað veruleg vandræði hér á Ísafirði ef báðar dieselvélarnar í Mjósundunum hefðu verið í lagi. En í vikunni bilaði búnaður við aðra vélina og hann var í viðgerð syðra. Þetta var fyrst og fremst ástæðan fyrir vandræðunum hér á Ísafirði. Okkur tókst að tengja Ísafjörð við Bolungarvík og Súðavík, sem búa hvor um sig við nægilegt varaafl, en við gripum líka til skömmtunar þar til þess að draga úr rafmagnsleysinu á Ísafirði."

– Nú mæðir mest á línumönnum ykkar þegar verstu veðrin ganga yfir. Voru þeir eitthvað að brjótast um þegar veðurhamurinn var sem mestur?

„Það var unnið stanslaust allan tímann. Fyrst og fremst var verið að hreinsa spennuvirki í aðveitustöðvum og endabúnað á línum."

– Hvernig standa menn að hreinsunarstarfi í svona tilvikum?

„Fyrst þarf að taka straum af línunni og jarðtengja hana í báða enda. Síðan er farið upp með klúta eða handklæði eða hvað sem er, ísingin barin af og postulínið pússað. Að því loknu er vatni sprautað á til að hreinsa seltuna frekar þar sem því verður við komið og í því skyni fengum við dælubíl frá Slökkviliðinu."

– Þið sprautið varla vatni í frosti?

„Það helst í hendur, að í frosti verður seltan ekki til vandræða. Hún er verst þegar hitinn er um frostmark eða rétt þar yfir. Um leið og frostið herðir kemst þetta yfirleitt sjálfkrafa í lag og síðan veðrast seltan af. Þó getur verið nokkur hætta á því að einhverjar truflanir verði þegar aftur hlýnar meðan seltan er að hreinsast af."

– Nú kemur stundum fyrir, þegar rafmagnið fer, að það fer ekki eins og smellt sé fingri heldur lækkar spennan og rafmagnið er góða stund að flökta í andarslitrunum. Margir spyrja hvort þetta geti ekki valdið tjóni á tölvum og heimilistækjum...

„Það getur gert það. Á laugardaginn gerðist þetta einu sinni, að ég best veit. Manni finnst þetta heil eilífð meðan á því stendur þó að það séu í rauninni ekki nema tíu til fimmtán sekúndur. Þetta gerist vegna þess að ein vél dettur út og ekki er nægilegt afl til þess að taka við álaginu og þá koðnar þetta niður. Í eðlilegum rekstri þar sem við erum ekki með svona litlar framleiðslueiningar eins og í þessu tilviki, þá gerist ekkert þó að eitthvað smávegis bili. Þá bætist bara við meiri flutningur frá Mjólkárvirkjun eða eftir Vesturlínu. Hér er við búnaðinn og veikt kerfi við þessar aðstæður að sakast. Þegar við sláum sjálfir út, þá er slökkt á rofa og rafmagnið fer á augabragði. Að mínu viti á þetta vissulega að gerast með skjótari hætti en var í þessu tiltekna dæmi. Ég veit ekki nákvæma skýringu á þessu. En ef tíminn er ekki lengri en þarna var á þetta samt sem áður ekki að valda tjóni. Ástæðan fyrir því að mjög lág spenna getur valdið tjóni er sú, að aflið er margfeldi af straumi og spennu og þá þarf meiri straum til þess að ná út sama afli og áður. Aukinn straumur í nokkurn tíma getur valdið hitamyndun í tækjum. Mörg nýrri tæki eru með bræðivör til varnar þessu", sagði Kristján.

ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING VEGNA KYNNINGAR Á SNJÓFLÓÐAVÖRNUM Á SELJALANDSDAL

Ísfirðingar! Laugardaginn 23. janúar nk. kl. 10:00 til 13:00 munu hanga uppi á Hótel Ísafirði uppdrættir að fyrirhuguðum snjóflóðavörnum á Seljalandsmúla. Sama dag kl. 13:00 verður haldinn opinn kynningarfundur á vörnunum og munu ráðgjafar Ísafjarðarbæjar hafa forsögu um varnirnar og forsendur þeirra. Að því loknu verða fyrirspurnir og umræður.
Vikuna 25.-29. janúar munu uppdrættir hanga uppi á 2. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Styrkur úr Styrktarsjóði verzlunarmanna í Ísafjarðarbæ

Styrktarsjóður verzlunarmanna í Ísafjarðarbæ auglýsir eftir umsóknum um styrki til náms eða rannsóknarstarfa á sviði verslunar og viðskipta.

Samkvæmt tilgangi félagsins verður helst litið til þeirra umsókna er lúta að eða styrkja velferðarmál verslunar á félagssvæðinu eða á Vestfjörðum.

Umsóknum skal skilað til Gísla Jóns Hjaltasonar, Brunngötu 14, Ísafirði, formanns sjóðsstjórnar fyrir 10. febrúar nk., sem jafnframt gefur allar nánari upplýsingar í síma 456 4182 og 456 3500.

Styrktarsjóður verzlunarmanna í Ísafjarðarbæ.

Ísafjörður

Tréiðnaðarbraut fyrirhuguð í Framhaldsskólanum

Í nokkur ár hefur verið til umræðu að stofna grunndeild tréiðna við Framhaldsskóla Vestfjarða og verður af því á næsta hausti ef nemendur verða nægilega margir.

Hér er um að ræða eins vetrar nám, aðallega verklegt, strax eftir lokapróf úr grunnskóla. Áformað er að kenna ýmis undirstöðuatriði í trésmíði og meðferð efna og áhalda. Að námi þessu loknu á nemandi að geta komist á samning hjá iðnmeistara eða haldið áfram námi í framhaldsdeild í tréiðnum við skóla með slíka deild.

Við Framhaldsskóla Vestfjarða eru fyrir grunndeildir rafiðna og málmiðna og hafa margir stundað þar nám á liðnum árum.

Grunndeild tréiðna þarf talsvert húsrými og alldýran tækjakost. Ekki er ætlunin að byggja yfir slíka deild á Ísafirði ellegar kaupa sérstakt húsnæði fyrr en sýnt verður að þörf sé fyrir hana, þ.e. að nógu margir nemendur skili sér.

Áformað er að taka á leigu húsnæði fyrir deildina á næsta hausti ef 12-15 manns eru tilbúnir að hefja þar nám. Menntamálaráðuneytið setur það skilyrði, að nemendur gefi sig fram nú þegar eða fyrir 1. febrúar nk. Þessi tímamörk eru sett til þess að nægur tími gefist til að útvega húsnæði og tæki.

Skólinn skorar því á þá sem hug hafa á þessu námi að hafa samband við skrifstofu Framhaldsskóla Vestfjarða hið fyrsta. Nánari upplýsingar veita Guðrún Stefánsdóttir áfangastjóri, Snorri Hermannsson húsasmíðameistari og Björn Teitsson skólameistari og getur fólk snúið sér beint til þeirra.

Líður að tíu ára bjórafmæli á Íslandi

Sala á sterku áfengi hefur minnkað um helming

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á áfengisneyslu landsmanna síðasta áratuginn, en hinn 1. mars nk. eru liðin tíu ár frá því að farið var að selja bjór hérlendis. Frá þeim tíma hefur sala á sterku áfengi minnkað jafnt og þétt með hverju ári og var orðin helmingi minni á hvert mannsbarn árið 1997 en hún var árið 1988. Ef miðað er við hreinan vínanda var sala á sterku áfengi 2,61 l á hvert mannsbarn árið 1988, sem var síðasta björlausa árið, en árið 1997 var hún 1,31 l á hvert mannsbarn.

Öfugt við það sem margir kynnu að halda var sala á léttum vínum ívið minni á hvern íbúa árið 1997 en hún var árið 1988 eða 0,74 l á móti 0,78 l af hreinum vínanda. Hún minnkaði eftir tilkomu bjórsins en hefur síðan farið lítið eitt vaxandi á ný.

Sala á bjór fór minnkandi framan af frá því sem var fyrsta bjórárið (1989) en jókst síðan á á ný og hefur frá 1995 verið meiri á hvert mannsbarn en hún var 1989. Þess er þó að geta, að bjórinn var aðeins seldur í tíu mánuði árið 1989. Þá var bjórsalan 1,42 l af hreinum vínanda á hvern íbúa en árið 1997 var hún 1,83 l.

Þegar allar tegundir eru samantaldar var heildaráfengisneysla landsmanna, talin í lítrum af hreinum vínanda, 0,25 l minni árið 1997 en hún var árið 1989 eða 3,88 l á móti 4,13 l. Hún fór minnkandi með hverju ári frá 1988 og allt til 1993 en síðan lítið eitt vaxandi ár frá ári eftir það.

Í þessum tölum er heimabrugg að sjálfsögðu ekki meðtalið enda ekki til skýrslur um það.

Flateyri

Nýr framkvæmdastjóri hjá Skelfiski

Nýr framkvæmdastjóri hefur tekið störfum hjá Skelfiski hf. á Flateyri af Guðlaugi Pálssyni og kom hann til starfa á fimmtudag í síðustu viku.

Hann heitir Jóhann Þór Halldórsson, 49 ára að aldri, fæddur og uppalinn á Hellissandi. Hann var framkvæmdastjóri hjá Búlandstindi á Djúpavogi í sex ár og allt þar til í nóvember síðastliðnum, en áður var hann um 14 ára skeið í Hrísey og sá þar um fiskvinnslu og útgerð fyrir Kaupfélag Eyfirðinga. Þar áður var hann skrifstofumaður hjá KEA á Akureyri.

Auglýsingar og áskrift síми 456 4560

Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði

Stefna bæjarstjórnar í áfengismálum „óskiljanleg“ og „stílbrot“

Kennarar við Grunnskólann á Ísafirði undrast þá stefnu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, að auka beri aðgengi að áfengum drykkjum.

Almennur fundur kennara við GÍ 11. janúar sl. lýsti einróma yfir andstöðu við þá samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á síðasta fundi hennar fyrir jól, að skora á löggjafann að heimila sölu léttra vína og áfengs öls í matvöruverslunum. „Jafnframt minna kennarar bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar á, að nú er verið að vinna að stefnumörkun í víðtækum vímuvörnum í sveitarfélögunum þremur á norðanverðum Vestfjörðum. Það kemur því mjög á óvart, að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skuli taka svo afdrifaríka afstöðu, ein og sér, að auka beri aðgengi að áfengum drykkjum. Þessi ákvörðun er óskiljanleg í ljósi þeirrar reynslu grannþjóðanna að unglingadrykkja, og þá einkum á bjór, fer vaxandi með auknu aðgengi almennings að áfengi“, segir í bókun kennarafundarins.

Í beinu framhaldi af þessu samþykkti fundurinn að minna bæjarstjórn á, „að tveir árgangar skólans deila húsnæði með stórri matvöruverslun í hjarta bæjarins og að þangað sækir nokkur hópur eldri nemenda sér nesti í matar- og kaffitímum á skólatíma. Þá er vandséð hvernig skólinn, sem ábyrg mennta- og uppeldisstofnun, getur markað sér stefnu í vímuvörnum sem byggir á þessari afstöðu bæjarstjórnar.“

Grunnskólinn á Ísafirði.

Að lokum láta kennarar í ljós það álit, „að þessi málsmeðferð og stefnumörkun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sé stílbrot í þeirri metnaðarfullu vinnu sem hófst m.a. með starfi Vá-Vest-hópsins á síðasta ári og stendur nú yfir.“

Fræðslufundur um ný byggingarlög og nýja byggingarreglugerð

Samtök iðnaðarins standa fyrir fræðslufundi á Ísafirði 22. og 23. janúar 1999 um ný byggingarlög og nýja byggingarreglugerð. Farið verður sérstaklega í almenn ákvæði í lögunum og reglugerðinni er varða opinbera stjórnun byggingarmála, iðnmeistara, hönnuða og byggingarfulltrúa.

Fræðslufundurinn verður haldinn á Hótel Ísafirði og stendur yfir frá kl. 13:00 til 17:00 föstudaginn 22. janúar og frá kl. 10:00 til 13:00 laugardaginn 23. janúar nk. Þeir sem vinna að málefnum byggingariðnaðarins eru hvattir til að mæta. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til Stefáns Brynjólfssonar byggingarfulltrúa í síma 456-3722 fyrir 21. janúar nk.

SAMTÖK IÐNAÐARINS
HALLVEIGARSTÍG 1 • PÓSTHÓLF 1450 • 121 REYKJAVÍK • SÍMI 511 5555 • FAX 511 5566
TÖLVUPÓSTUR mottaka@si.is • UPPLÝSINGAVEFUR www.si.is

Svala Sif Sigurgeirsdóttir, Íþróttamaður ársins 1998 í Bolungarvík

„Bikarinn var svolítið þungur!“

Svala Sif Sigurgeirsdóttir, nýbakaður íþróttamaður ársins í Bolungarvík, er aðeins tíu ára gömul, reyndar bráðum ellefu, fædd 9. maí 1988. Hún hefur iðkað sund í þrjú og hálft ár og leggur stund á allar greinar nema bringusund. Að sjálfsögðu vissi hún ekki fyrirfram hver hlyti hinn eftirsótta heiðurstitil – „en ég hafði samt smágrun“, sagði hún í samtali við BB.

– Þú hefur þá ekki orðið neitt hissa...

„Nei. Reyndar var ég var svolítið kvíðin þegar forseti bæjarstjórnar byrjaði að segja að nú væri stóra stundin runnin upp, en svo sagði hann nafnið mitt...“

– Var þessi athöfn annars nokkuð erfið, varstu nokkuð feimin?

„Nei, en bikarinn var svolítið þungur!“

Þessi þungi og glæsilegi farandbikar er nú í gangi annað árið. Fyrsti handhafi hans var Hálfdán Gíslason knattspyrnumaður.

Enda þótt Svala Sif sé enn á besta aldri, svo vægt sé til orða tekið, þá á hún þegar í safni sínu 80 verðlaunapeninga og auk þess nokkra bikara. Eins og aðrir í Sunddeild UMFB í Bolungarvík hefur hún verið í gríðarlegri framför. Á síðasta ári keppti hún á tíu mótum, þar af fjórum stórmótum. Á KR-mótinu í byrjun mars var hún á verðlaunapalli í flestum sínum greinum – ef ekki í fyrsta sæti, þá í öðru sæti. Það mót var eina stórmótið þar sem hún keppti í sínum flokki. Á hinum stórmótunum keppti hún í flokknum fyrir ofan og var ekki fjarri verðlaunasætum, enda þótt hún hafi verið mun yngri en keppinautarnir.

Á mótum hér á Vestfjörðum á liðnu ári var Svala Sif alltaf á verðlaunapalli, hvort sem hún keppti í sínum flokki eða flokknum fyrir ofan. Hún varð Vestfjarðameistari í sínum aldursflokki á Vestfjarðamótinu sem haldið var á Tálknafirði í júní.

Fyrstu Vestfjarðametin setti hún á Vormóti UMFB, en það var í 400 m skriðsundi og 50 m baksundi. Síðan bætti hún hvert metið á fætur öðru á næstu mótum. Núna á hún sjö Vestfjarðamet ein og hefur auk þess jafnað eitt í viðbót. Í skriðsundi á hún met í 800 m, 400 m og 200 m og er alveg við metið í 100 m. Í baksundi á hún metin í 50 m, 100 m og 200 m. Síðan á hún met í 200 m fjórsundi og jafnaði metið í 100 m flugsundi. Öll þessi met átti Bolvíkingurinn Erna Jónsdóttir, sem setti þau árið 1986, þannig að Svala Sif var að slá tólf ára gömul met.

Ef boðið hefði verið upp á fleiri greinar á mótum ársins hefði hún vafalaust bætt fleiri met, því að hún var búin að synda undir mettímum á æfingum. En það eru ekki lögleg met, þannig að á pappírnum verður hún að láta sér nægja „aðeins“ átta Vestfjarðamet sem afrakstur síðasta árs.

Svala Sif tekur undir það, að margt fleira ungt og efnilegt sundfólk sé í Bolungarvík um þessar mundir. „Tóti bróðir [Þórarinn Leifur Sigurgeirsson] er bestur af strákunum“, segir hún, en það voru einmitt þau tvö sem fengu viðurkenningar fyrir sundafrek á liðnu ári. Þórarinn Leifur er stóri bróðir Svölu, tæplega þremur árum eldri en hún. Sundæfingarnar hjá Svölu Sif eru fimm sinnum í viku og auk þess fer hún tvisvar í viku í eróbikk. Hún neitar því að æfingarnar séu leiðinlegar eða þreytandi; henni þykja þær bara skemmtilegar. Þjálfari hennar er Halldóra Íris Sigurgeirsdóttir og hefur verið á annað ár.

Foreldrar Svölu Sifjar eru Guðrún Bjarný Benediktsdóttir og Sigurgeir Steinar Þórarinsson. Litli bróðir Svölu Sifjar og Þórarins Leifs er Hlynur Freyr, fjögurra ára. „Nei, hann er ekkert farinn að synda, meira að segja er hann fremur hræddur við vatn“, segir Svala Sif.

– Þú ert líklega ekkert hrædd við vatn...

„Nei!“

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð **í mjög góðu standi, ásamt bílskúr. Laust strax. Áhv. ca. 4,7 millj. Verð kr. 11,500,000,-**

Góuholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj. Verð kr. 11,600,000,-**

Góuholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2,7 millj. Verð kr. 12,000,000,-**

Heiðarbraut 12: 221 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Má gera að tveimur sjálfstæðum íbúðum. Verð kr. 10,500,000,-**

Hjallavegur 19: 242 m² einb.-hús á 2. hæðum ásamt innb. bílskúr. **Sér íbúð á n.h. Ýmis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj. Verð kr. 11,500,000,-**

Hlíðarvegur 26a: 120 m² timburklætt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Húsið er óklárað. **Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 6,700,000,-**

Hlíðarvegur 31: 130 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er allt að mestu uppgert. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**

Hlíðarvegur 38: 183,2 m² raðhús á þremur hæðum. **Skipti á minni eign koma til greina. Verð kr. 9,500,000,-**

Seljalandsvegur 4a: 96,1 m² einbýlishús á 3 hæðum ásamt **eignarlóð. Nýtt þak, húsið tekið í gegn að utan. Verð kr. 5,200,000,-**

Seljalandsvegur 12: 145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt **eignarlóð. Verð kr. 7,500,000,-**

Seljalandsvegur 48: 188 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt bílskúr. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 12,700,000,-**

Seljalandsvegur 69: 180,6 m² einbýlishús á tveimur hæðum **ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á minni eign mögul. Verð kr. 9,500,000,-**

Seljalandsvegur 84a: 85 m² einbýlishús á einni hæð, **endurbyggt 1992. Verð kr. 6,200,000,-**

Sunnuholt 6: 231,7 m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Skipti möguleg á minni eign. Verð kr. 13,500,000,-**

Tangagata 6a: 99.7 m² einbýlishús á tveimur hæðum. **Laust fljótlega. Öll tilboð skoðuð. Áhv. ca. 1,5 millj. Verð kr. 6,800,000,-**

Tangagata 15b: 103 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt uppgerðum geymsluskúr. **Laust fljótlega. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**

Urðarvegur 13: 85 m² einbýlishús á einni hæð ásamt kjallara. **Skipti á stærri eign möguleg. Áhv. ca. 3,2 millj. Verð kr. 5,500,000,**

Urðarvegur 27: 190,5 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. **Skipti á minni eign mögul. Verð kr. 13,500,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Engjavegur 31: 92,1 m² 4ra herb. íbúð á n.h. í tvíb.húsi. Mikið uppgerð, skipti á stærri eign möguleg. **Áhv. ca. 2,2 millj. Verð kr. 5,500,000,-**

Fjarðarstræti 11: 131 m² 4ra herb. íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,8 millj. Verð kr. 6,800,000,-**

Hjallavegur 8: 128,5 m² 4ra herb. íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 2.8 millj. Laus 1. janúar 1998. Verð kr. 6,900,000,-**

Sólgata 5: 102 m² 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,5 millj. Verð kr. 5,000,000,-**

Sólgata 8: 101,7 m² 3-4ra herb. íbúð á e.h. í tvíb.húsi ásamt helm. kjallara og rislofts. Skipti á minni eign mögul. **Áhv. ca. 850 þús. Verð kr. 7,000,000,-**

Stórholt 13: 123 m² 4ra herb. íbúð á 3ju hæð í fjölbýli ásamt bílskúr. Íbúðin er mikið uppgerð. **Áhv. ca. 567 þús. Verð kr. 7,900,000,-**

Túngata 21: 77,8 m² 4ra herb. risíbúð á 3ju hæð í þríbýli. Inng. sameiginl. m/2. hæð. Nýlega viðgert þak. **Áhv. ca. 600 þús. Verð kr. 5,600,000,-**

Túngata 12:
140m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Húsið er laust strax
Verð kr. 4,500.000,-

3ja herbergja íbúðir

Pólgata 6: 55 m² risíbúð í fjölbýlishúsi, ásamt geymslu í kjallara. Mikið endurnýjuð. **Góð kjör í boði. Verð kr. 2,900,000,-**

Stórholt 11: 80 m² íbúð í góðu standi á 3. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 5,800,000,-**

Urðarvegur 80: 82 m² íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Fallegt útsýni. Verð kr. 6,000,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 94 m² íbúð á 4. hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 1,7 millj. Verð kr. 5,900,000,-**

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. **Áhv. ca. 3,9 millj. Verð kr. 6,200,000,-**

Túngata 18: 53,4 m² íbúð á jarðhæði í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Verð kr. 4,300,000,-**

Atvinnuhúsnæði

Austurvegur 1: 103,4 m² skrifstofuhúsnæði á 3. hæð. **Fallegt útsýni. Laust fljótlega. Verð kr. 5,500,000,-**

Mjallargata 5: 200 m² verslunar húsnæði á neðri hæð og gistiheimili á efri hæð. **Áhvílandi 3 millj. Verð kr. 7,500,000,-**

Aðalstræti 20b: 215 m² verslunar- og þjónustuhúsnæði í **miðbænum**. Tilheyrandi **166 m² eignarlóð. Verð kr. 16,700,000,-**

Súðavík

Álfabyggð 4: 94,2 m² nýtt einbýlishús á einni hæð ásamt grófjafnaðri lóð. **Tilboð óskast**

Vallargata 2: 86,2 m² nýtt parhús á einni hæð ásamt grófjafnaðri leigulóð. **Húsið er fullbúið. Tilboð óskast.**

Lífeyrissparnaðaráform

Rugla tilboðin þig?

Við vísum þér leiðina með sparnaðarformi sparisjóðanna,

Lífsvali

Kynntu þér málin –
við erum til þjónustu reiðubúin

Eyrasparisjóður, sími 456 1151
Sparisjóður Bolungarvíkur, sími 450 7100
Sparisjóður Strandamanna, sími 451 3102
Sparisjóður Súðavíkur, Súðavík, sími 456 4888
Ísafirði, sími 456 5388
Sparisjóður Þingeyrarhrepps, sími 456 8119
Sparisjóður Önundarfjarðar, sími 456 7676

Vissir þú að sparisjóðirnir voru enn einu sinni með hæstu raunávöxtun á innlánsreikningum á síðasta ári?

Íþróttafólkið sem fékk viðurkenningar frá bæjarstjórn Bolungarvíkur í hófinu á laugardag.

Íþróttamanni ársins 1998 í Bolungarvík veitt viðurkenning í sérstöku hófi

Svala Sif fékk stóra bikarinn

– nærri tuttugu manns hlutu viðurkenningar fyrir afrek sín í íþróttum

Íþróttamaður ársins 1998 í Bolungarvík er sundkonan unga og bráðefnilega, Svala Sif Sigurgeirsdóttir. Hún var sæmd þeim titli við hátíðlega athöfn í Finnabæ sl. laugardag og fékk af því tilefni stóran farandbikar til varðveislu í eitt ár og auk þess bikar til eignar. Síðasta árið var stóri bikarinn í vörslu Hálfdánar Gíslasonar, knattspyrnumanns.

Einnig fékk allmargt íþróttafólk sem skarað hefur fram úr í einstökum íþróttagreinum í Bolungarvík á liðnu ári viðurkenningarskjöl fyrir frammistöðuna.

Viðurkenningu hlutu í eftirtöldum greinum:

Badminton: Helgi Pétur Guðjónsson, Katrín Pálsdóttir og Svala Björk Einarsdóttir.

Boccia: Guðmundur Þórarinsson, Kristín Þórarinsdóttir og Matthildur Benediktsdóttir.

Golf: Birgir Olgeirsson, Helgi Birgisson og Þorbjörg Harðardóttir.

Hestaíþróttir: Bragi Björgmundsson, Guðmundur B. Jónsson, Gunnar Már Jónsson, Jóhann Bragason, Jón Guðni Guðmundsson, Sigmundur Þorkelsson og Svala Björk Einarsdóttir.

Knattspyrna: Björn Vilhelmsson og Gunnar Torfason.

Sund: Svala Sif Sigurgeirsdóttir og Þórarinn Leifur Sigurgeirsson.

Auk þess fékk Svavar G. Ævarsson viðurkenningarskjal fyrir sitt 100. mark á knattspyrnuferlinum.

Sjá einnig viðtal við Íþróttamann ársins í Bolungarvík á bls. 4.

Svala Sif Sigurgeirsdóttir fær sér sneið af tertu merktri sér.

Svala Sif ásamt bróður sínum Þórarni Leifi, sem einnig fékk viðurkenningu fyrir sundárangur sinn. Á myndinni er einnig faðir þeirra, Sigurgeir Þórarinsson.

Lilja Rafney Magnúsdót

Vinstri hreyfi

Á undanförnum mánuðum hefur hreyfing fólks víðs vegar af landinu unnið að stofnun nýs stjórnmálaflokks. Sérstök áhersla hefur verið lögð á jafnrétti og félagslegt réttlæti, samfélag og atvinnulíf, náttúru og umhverfi og sjálfstæða utanríkisstefnu.

Í öllu því umróti sem verið hefur í uppstokkun stjórnmálaflokka undanfarið er afleiðingin sú, að Alþýðuflokkur, Alþýðubandalag og Kvennalisti heyra sögunni til. Því er nauðsynlegt að til sé flokkur sem býður upp á skýra valkosti til vinstri og gerir umhverfisvernd hátt undir höfði. Ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki verið hliðhollir landsbyggðinni né láglaunafólki þessa lands. Ellilífeyris-, örorkulífeyris- og aðrir lífeyrisþegar hafa átt undir högg að sækja og góðærið hefur farið fram hjá mörgu heimili. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill skapa öflugt mótvægi við frjálshyggjustefnu ríkisstjórnarinnar og því misrétti og ranglæti sem henni hefur fylgt.

Fólk er að upplifa miklar breytingar á velferðarkerfinu til hins verra og samtrygging og samhjálp eiga ekki upp á pallborðið hjá ráðamönnum. Markaðsöflin ráða í einu og öllu og mitt í svokölluðu góð-

Grease-ball til styrktar KFÍ

Þemaball til styrktar KFÍ var haldið í Krúsinni á Ísafirði sl. föstudagskvöld. Þema kvöldsins voru kvikmyndirnar Grease og American Graffiti og raunar sjötti áratugurinn yfirleitt („back to the Sixties). Ballgestir fóru upp á háaloft eða niður í kjallara hjá pabba og mömmu eða afa og ömmu og grófu upp fatnað frá þessu stórmerka tímabili til þess að klæðast á ballinu. Myndirnar sem hér fylgja tala sínu máli.

Málaskrá Lögreglunnar á Ísafirði fyrir árið 1998

Tveir teknir fyrir ölvun á reiðhjóli

Hjá lögreglunni á Ísafirði voru skráð 1.387 mál á síðasta ári eða 3,8 á dag að jafnaði. Langstærsti flokkurinn varðaði of hraðan akstur eða alls 472 mál. Þar á eftir kemur óheimil lagning eða stöðvun ökutækja við ýmsar aðstæður, samtals um 160 tilvik. Mál vegna minni háttar eignaspjalla voru 48. Skráð umferðaróhöpp þar sem eignatjón varð voru 45 og um ölvunarakstur var að ræða í 44 tilvikum. Mál vegna ölvunar á almannafæri voru 26.

Að venju kennir ýmissa grasa í málaskrá lögreglunnar. Sem dæmi má nefna tvö mál vegna ölvunar á reiðhjóli. Í tveimur tilvikum var um að ræða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum. Skráðar líkamsárásir voru átta en ærumeiðingar tvennar. Skráð mál vegna dreifingar, sölu, vörslu eða neyslu fíkniefna voru 22 og eitt vegna framleiðslu fíkniefna. Fimm andlát komu til rannsóknar og fjórar sjálfsvígstilraunir. Í einu tilviki var um að ræða aðstoð vegna misnotkunar lyfja. Í sex tilvikum bárust tilkynningar um „aðfinnsluvert háttalag“ og í tveimur um „afbrigðilega hegðun“. Tvö mál komu upp vegna bruggunar og einu sinni var samkoma haldin í óleyfi.

Síðasti flokkurinn á málaskránni er öllu ánægjulegri en hinir – í einu tilviki var tilkynnt um fundna muni.

ttir, varaþingmaður á Suðureyri skrifar

ngin – grænt framboð

æri býr fjöldi fólks við mikla fjárhagserfiðleika. Í ríku landi eins og okkar er þetta óþolandi ástand. Enginn veit hvenær hann getur lent í erfiðleikum í lífinu, hvort sem það er afleiðing heilsubrests, lágra launa eða annarra orsaka. Þá viljum við að öflugt velferðarkerfi sé til staðar þegar á reynir.

Landsráðstefna sem haldin var 4.-5. des. sl. lagði mikla áherslu á að jafna aðstöðu fólks í öllum byggðum landsins, að hamlað yrði gegn byggðaröskun og unnið yrði með skipulögðum hætti að endurreisn landsbyggðarinnar. Mótun nýrrar sjávarútvegsstefnu væri þar eitt af lykilatriðum ásamt eflingu menntunarmöguleika og nýrra atvinnutækifæra.

Þessar vikurnar er vinstri hreyfingin – grænt framboð að stofna félög vítt og breitt um landið og sunnudaginn 24. janúar verður stofnað kjördæmisfélag á Vestfjörðum. Fundurinn er opinn og verður haldinn á Ísafirði í fundarsal Verkalýðsfélagsins Baldurs og hefst kl. 16. Um kvöldið kl. 20.30 verður síðan opinn stjórnmála- og kynningarfundur á Hótel Ísafirði. Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður kemur á þessa fundi ásamt undirritaðri.

Ég vil hvetja fólk til að koma og kynna sér stefnumál og gerast stofnfélagar vinstri

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

hreyfingarinnar – græns framboðs og ræða þau mál sem brenna á Vestfirðingum. Ef við viljum breyta hlutunum og hafa áhrif, þá verðum við sjálf að láta í okkur heyra.

–Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaþingmaður, Suðureyri.

FRAMHALDSSKÓLI VESTFJARÐA

PÓSTHÓLF 97 – 400 ÍSAFIRÐI

Innritun í grunndeild tréiðna – áríðandi

Þeir sem vilja stunda nám í grunndeild tréiðna við Framhaldsskóla Vestfjarða veturinn 1999-2000 eru beðnir að hafa samband við skrifstofu skólans, sími 456 3599, fyrir 25. janúar nk.

Að kröfu menntamálaráðuneytisins þurfa 12-15 væntanlegir nemendur að gefa sig fram nú þegar, eigi að verða af stofnun grunndeildarinnar. Þetta er því mjög áríðandi!

Skólameistari.

Arnór Jónatansson stöðvarstjóri Flugfélags Íslands á Ísafirði

Í línunni hjá Hlyni Þór

Ísafjarðarflugið

Nú hefur tíðarfarið verið heldur rysjótt að undanförnu. Hvernig hefur flugið gengið hjá ykkur? Hefur þurft að fella mikið niður? Hafa orðið umtalsverðar raskanir á tímasetningum?

Það hefur gengið framar vonum miðað við veðráttu. Frá áramótum höfum við aðeins fengið einn heilan dag ófæran. Að vísu eru þrír aðrir dagar þar sem við fengum bara eina vél. En vindátt hefur verið góð, þannig að það hefur tekist mjög vel að fljúga og raskanir á tímasetningum hafa verið sáralitlar. Fram til 9. janúar má segja að áætlanir hafi staðist og þá voru farþegar mjög margir.

Oft er það svo, þegar fyrirtæki situr eitt að þjónustu, að fólk kvartar yfir skorti á samkeppni. Ég kom á Bíldudal í sumar og þar kvartaði fólk yfir þjónustu Íslandsflugs – fyrirtækið gæti leyft sér hvað sem væri þar vegna þess að það væri engin samkeppni. Hið sama heyrist um Flugfélag Íslands og Ísafjarðarflugið. Hverju svarar þú þessu?

Óneitanlega getur slíkt átt sér stað að vissu marki. Síðasta sumar var alveg afleitt hjá Flugfélagi Íslands hvað það snertir að halda áætlun. Aftur á móti hefur veturinn verið mjög góður ef á heildina er litið. Það hefur verið lagt miklu meira kapp á að hafa vélarnar á réttum tíma. Vissulega vill það oft verða svo í rekstri, að fyrst sé litið til þeirra staða þar sem samkeppni er. Hins vegar er ég ekki alltaf sammála þeim sögum sem slegið hefur verið fram. Og það sem meira er – í skammdeginu fær Ísafjörður ákveðinn forgang. Ef dagurinn byrjar illa er frekar seinkað flugi til Egilsstaða og Akureyrar til þess að geta flogið hingað meðan birtu nýtur.

Nú er vissulega ekki við ykkur að sakast, hina ágætu starfsmenn Flugfélags Íslands hér, þegar áætlun raskast. Kemur fyrir að fólk skeyti skapi sínu á ykkur?

Já, það er bara eins og mannfólkið er. Sumir skeyta skapi sínu á fyrsta afgreiðslumanni sem þeir komast í tæri við, þó að hann sé bara að sinna sínu verki eins og hann best getur. Við verðum að taka þessu og reyna að svara fyrir okkar fyrirtæki.

Fyrir tveimur mánuðum eða svo kom nýr dómari til starfa við Héraðsdóm Vestfjarða – héraðsdómari með fast aðsetur á Ísafirði, eins og það heitir víst formlega. Jónas Jóhannsson sem var héraðsdómari á Ísafirði um árabil er orðinn dómari syðra. Nýi dómarinn heitir Erlingur Sigtryggsson. Hann er úr Þistilfirði eins og Steingrímur J. Sigfússon en kom hingað frá Akureyri, þar sem hann hefur starfað sem löglærður fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns og héraðsdómara síðustu sjö til átta árin.

„Ég les allan fjandann“

– segir nýi héraðsdómarinn á Ísafirði, Erlingur Sigtryggsson

Undirritaður hringir í Héraðsdóm Vestfjarða og spyr nýja dómarann, sem hann hefur aldrei séð eða heyrt fyrr, hvort hann sé til í viðtal fyrir Bæjarins besta. Auðvitað er maður dálítið þvingaður í fyrstu að tala við bláókunnugan mann í svona embætti. En það þarf ekki að skiptast á mörgum setningum áður en öll þvingun hverfur eins og hin margþvælda dögg fyrir sólu. Það heyrist strax á fyrstu tilsvörum Erlings að það er grunnt á gamanseminni; hann er allsendis óþvingaður og virðist hvorki taka sjálfan sig né viðmælandann né veröldina allt of hátíðlega.

Eftir að fluttur hefur verið virðulegur formáli um að blað vort leitist við að ræða við og kynna fólk sem hingað flyst til þess að taka við áberandi störfum og þess sé hér með farið á leit að fá að hitta nýja héraðsdómarann í þeim tilgangi, þá svarar hann með einföldum spurningum: Á starf dómara að vera áberandi? Á dómari að vera áberandi?

Ekki leiðum að líkjast

Og undirritaður getur ekki annað en gengist við þeirri eindregnu skoðun sinni, að dómari eigi hreint ekki að vera áberandi. Það hefjast bæði heimspekilegar og fræðilegar vangaveltur í símanum um þetta efni. Mér fellur undir eins ákaflega vel við þennan mann. Röddin og raddbeitingin minna á þá bræður Hauk og Óskar í Pólnum. Orðalagið er oft meitlað og magnað og sérkennilegt eins og hjá séra Baldri í Vatnsfirði en gersamlega laust við allan hátíðleika – einnig eins og hjá séra Baldri. Og þarna er ekki leiðum mönnum að líkjast. Það vekur athygli, að afar lítið ber á hinum norðlenska framburði hjá Erlingi, þó að hann sé Þingeyingur eins og Björn Teitsson. Líklega eru æskuslóðir hans í Þistilfirðinum of austarlega og norðarlega til þess.

Einstætt viðtal í sinni röð

Niðurstaðan verður sú, að nýi héraðsdómarinn fellst á að ræða við Bæjarins besta um sjálfan sig. Hann leggur til að við förum í bíltúr eftir hádegi á sunnudaginn svo að hann geti fengið dálitla leiðsögn í héraðinu jafnframt því sem hann segi eitthvað í blaðið. Og þetta viðtal verður í nokkrum paragröfum einstakt í sinni röð, þeirra sem undirritaður hefur tekið.

Í fyrsta lagi: Það stendur í fimm klukkustundir eða miklu lengri tíma en nokkurt annað viðtal.

Í annan stað: Það er minna tekið upp á segulband en í nokkru öðru viðtali af sambærilegri stærð á síðari árum.

Þriðja: Undirritaður hefur aldrei lent í því fyrr að tala álíka mikið eða meira en viðmælandinn.

Quarto: Viðtalið er lengra, talið í eknum kílómetrum, en nokkurt annað sem undirritaður hefur tekið.

Ég hringi til Erlings um hádegisbilið á sunnudaginn eins og um var talað og spyr hvernig ég sæki að honum. „Vel, þakka þér fyrir. Ég er að byrja að naga. Ég kem svo þegar ég er búinn að naga og hlusta á fréttirnar.“

Frá Svalbarði í Þistilfirði

Erlingur Sigtryggsson er 38 ára að aldri, fæddur og upp alinn á höfuðbólinu forna og nýja, Svalbarði í Þistilfirði. Hann er samt ekkert skyldur því fólki sem þar var á dögum Sólborgarmála undir lok síðustu aldar. Þau mál voru eins og kunnugt er helsta hátíðarefni Sjónvarpsins á síðustu jólum ásamt hinni geðþekku jólamynd Hrafns Gunnlaugssonar.

Erlingur gekk í Menntaskólann á Akureyri og þar með er skiljanlegt að hann skuli vera „gamall antísportisti“ eins og löngum hefur fylgt nemendum í þeim gömlu góðu skólum, MR og MA. Það viðhorf hans hefur þó breyst með árunum eins og hjá fleirum og nú fylgist hann með enska boltanum af áhuga, og raunar íþróttum yfirleitt. Hann lauk kandídatsprófi í lögum árið 1991 en áður hafði hann lagt stund á íslensku og sagnfræði ásamt uppeldis- og kennslufræðum.

Sambýliskona Erlings heitir Anna Björk Sigurðardóttir og eiga þau soninn Stefán. Þau mæðginin eru enn á Akureyri en væntanleg hingað með vorinu. Þangað til býr hann einn í rúmgóðum og tvílyftum héraðsdómarabústaðnum við Urðarveginn á Ísafirði.

Áhugamálin „ekki stórfengleg“

Erlingur kemur þegar hann er „búinn að naga“ (þ.e. snæða hádegisverð) og hlusta á fréttirnar. Við leggjum í hann. Veður er gott í Skutulsfirði, úrkomulaust og sæmilega bjart. Við förum sem leið liggur fram Tungudalinn og inn í jarðgöngin. Að sjálfsögðu á löglegum hraða. Spurt er um helstu áhugamál utan starfsins.

„Þau eru kannski ekki stórfengleg. Ég geri svo sem ekki mikið fyrir utan starfið, nema ég les eitthvað. Stundum reyni ég að labba eitthvað ef ég nenni því, annað hvort á skíðum eða skíðalaust. Ég hef gengið hér aðeins uppi á Seljalandsdalnum, en ekki mikið. Ég er síður en svo nokkur skíðakappi og geri þetta bara fyrir hreyfinguna.“

– Þú ert ekki í neinni annarri útivist – hestamennsku, golfi, veiði...

„Nei, guði sé lof! Ég er alveg laus við að hafa fengið slíkar dellur.“

– Hvað lestu helst? Ætli dómarinn lesi ekki helst reyfara og frásagnir af merkum dómsmálum?

„Það er orðið minna um það nú orðið, en ég gerði talsvert af því. Ég les allan fjandann.“

– Fjölskylduhagir...

„Ég hef verið í sambúð síðan 1986 og við eigum einn strák á níunda ári. Sambúðin er dálítið erfið núna vegna vegalengda. Þau eru enn á Akureyri. Konan vinnur á skrifstofunni hjá Vátryggingafélagi Íslands þar í bæ. En vonandi koma þau vestur með vorinu og þá rætist úr þessu.“

Undirritaður fræðir nú nýja dómarann á því, sem hann var sjálfur fræddur á við komuna vestur á sínum tíma, að við Sætún og Miðtún og Urðarveg og Engjaveg á Ísafirði sé „efri millistéttin“ í bænum búsett. Nema hvað þeir sem búa í leiguhúsnæði í kjöllurum á því svæði tilheyra henni víst ekki.

Laus við vandræðatilfinningu milli fjallanna

Þegar Erlingur kom til Ísafjarðar í október síðastliðnum var hann næsta ókunnugur Ísafirði og Vestfjörðum yfirleitt; hafði aðeins komið hér sem ferðamaður. „Við komum hér í sumar og gistum á tjaldsvæðinu í Tungudal. Það fauk ofan af okkur tjaldið.“

– Hvernig líst þér á þig hér fyrir vestan?

„Mjög vel. Eiginlega betur en ég þorði að vona. Ég var hræddur um að mér þætti þröngt hérna milli fjallanna en ég er alveg laus við nokkra vandræðatilfinningu út af því.“

– Ertu farinn að kynnast fólki hér eitthvað að ráði?

„Nei, það get ég ekki sagt.“

– Þú nefndir bóklestur og gönguferðir meðal áhugamála þinna. Ég hef veður af því að þú eigir að minnsta kosti eitt áhugamál enn – að horfa á enska boltann. Forveri þinn í dómarasæti (og í efri millistétt við Urðarveginn), Jónas Jóhannsson, var eindreginn Arsenal-aðdáandi en þú munt vera ámóta harður stuðningsmaður Manchester United eða Rauðu djöflanna eins og þeir eru nefndir, ef rétt er hermt...

Manchester United og Ragnar Reykás

„Jú, ég vandist á það – heyrðu, hér er bara hríð *[við erum að koma út úr jarðgöngunum ofan við Botn í Súgandafirði]* – ég vandist á það á endanum að hafa gaman af fótbolta.“

– Iðkaðirðu hann sjálfur?

– Neineinei. Neinei. Mér var beinlínis illa við íþróttir. En það er mér ekki lengur. Ég hef gaman af því að horfa á þær núorðið.“

– Hvernig stóð á því að þú fórst að fylgja Rauðu djöflunum en ekki t.d. Arsenal eða Bradford?

„Ég var einfaldlega kominn í þá stöðu að vera farinn að hafa gaman af því að horfa á

enska boltann og þá þurfti maður að halda með einhverju liði. Ég hélt ekki með neinu liði öðrum fremur. En svo kom það einhverju sinni fram í Spaugstofuþætti að Ragnar sýslungi minn Reykás hélt með Manchester United og ég sá að það yrði ég að gera líka.“

– Sýslungi þinn?

„Einhvern tímann finnst mér að það hafi komið fram að hann væri frá Kópaskeri. Það er kannski vitleysa. Ef svo er ekki, þá hef ég að minnsta kosti ímyndað mér það og ég hef nefnt hann sýslunga minn síðan. Ég bið Ragnar hér með afsökunar ef þetta er rangt.“

Hin „rétta“ lögfræðilega niðurstaða

– Nú hafa undanfarið orðið nokkur skoðanaskipti og blaðaskrif um tiltekin grundvallaratriði lögfræðinnar – hvort til sé hin eina rétta lögfræðilega niðurstaða í hverju máli (bara spurningin hvort menn finna hana eða ekki) eða hvort um fleiri „réttar“ niðurstöður geti verið að ræða. Einkum virðast þeir Jón Steinar Gunnlaugsson og Hreinn Loftsson vera á fyrri sveifinni en Sigurður Líndal meðal annarra á þeirri seinni. Hvar stendur þú í því efni?

Erlingur dæsir þungan. „Það er varla gustuk að vera að blanda mér í svona lærða umræðu, en ég hef nú vanist því að líta svo á að það geti verið tvær hliðar á hverju máli og jafnvel fleiri. En að minnsta kosti þegar um dómsmál er að ræða, þá verður auðvitað einn að vera endir hverrar deilu.“

– Þegar dómur klofnar, ber þá að líta svo á, að báðir (allir) hlutar hans geti haft nokkuð til síns máls, ellegar þá að minnihlutinn hafi einfaldlega ekki fundið hina réttu niðurstöðu?

„Ég held að það verði nú að velja fyrri kostinn. Það er að minnsta kosti mitt álit.“

Íslenska, sagnfræði, kennslufræði...

– Það kemur fram í Lögfræðingatali, að þú hafir stundað nám í íslensku og sagnfræði...

„Já, ég gerði það. Og kennslufræði líka. Það var svokölluð uppeldis- og kennslufræði til kennsluréttinda.“

– Hefurðu eitthvað stundað kennslu?

„Nei, það gekk aldrei svo langt.“

– Hvers vegna snerirðu þér svo að lögfræðinni?

„Einhvern veginn komst ég á þá skoðun, að ég myndi aldrei endast mikið við kennslu. Ég sá ekki mikið annað liggja fyrir í þeim greinum sem ég var að fást við. Og áhuginn var af einhverjum ástæðum fjaraður út. Til að gera eitthvað fór ég í lögfræði. Og ég hélt það út. Ég kláraði hana á tilsettum tíma.“

Störfin misjafnlega skemmtileg

– Sá áhugi hefur ekki fjarað út... Finnst þér lögfræðin skemmtileg grein?

„Jaaaá, hún er það. Störfin eru nú misjafnlega skemmtileg, eins og gengur. Jú, ég hef gaman af lögfræðinni.“

– Dómari hlýtur að verða að hafa mjög víðtæka þekkingu á ólíkum greinum lögfræðinnar, þar sem praktíserandi lögfræðingar og kennarar við lagadeildina sérhæfa sig aftur á móti margir hverjir...

„Það er að minnsta kosti æskilegt að dómari sé víða heima. Starfandi lögfræðingar eiga kost á því að sérhæfa sig meira, en á hinn bóginn þarf lagaprófessor að hafa og hefur yfirleitt víðtæka þekkingu á lögfræði.“

Erlingur var til skamms tíma aðstoðarmaður í Héraðsdómi Norðurlands eystra. „Áður kallaðist það dómarafulltrúi en stöðuheitið breyttist 1. júlí á síðasta ári. Reyndar voru stöður dómarafulltrúa þá lagðar niður en í staðinn er dómurum heimilt að ráða sér löglærða aðstoðarmenn. Dómarafulltrúar sem voru starfandi á þeim tíma áttu rétt á að ganga sjálfkrafa inn í hinar nýju stöður. Þar áður var ég fulltrúi hjá bæjarfógeta og síðan sýslumanni á Akureyri.“

– Hefur verið gerður einhver samanburður á því, hvort fólk er misjafnlega löghlýðið eða misjafnlega þrætugjarnt eftir landshlutum?

„Nei, mér er ekki kunnugt um að það hafi verið rannsakað!

„Það hefur löngum verið sagt um Vestfirðinga, að þeir séu stríðir í lund og litlir friðsemdarmenn...

„Að minnsta kosti er ég ekki farinn að sjá það ennþá. Ég hef nú ekki efni til að álykta að þeir séu síður löghlýðnir en aðrir. En hvort þeir eru frekari eða aðsópsmeiri en aðrir – ætli þú vitir það ekki betur en ég.“

Undirritaður kveðst heldur hallast að því.

Þessi maður *hlaut* að vera hagmæltur

Nú erum við að koma til Suðureyrar. Við ökum gegnum plássið – þarna er kirkjan (eins og hver heilvita maður sjái það ekki sjálfur), þarna uppi er flugvöllurinn, þarna býr presturinn o.s.frv. Við ökum áfram undir Spillinum þar sem óseðjandi brimið étur veginn í sífellu. Brátt komum við í Staðardalinn. Ég segi Erlingi deili á fólki á bæjunum; ekki verður komið hér án þess að minnast Ólafs heitins Þórðarsonar alþingsmanns og hans ættmenna. Það hefst með einhverjum hætti upp úr Erlingi að hann muni vera hagmæltur. Það gat heldur ekki annað verið. *Þessi* maður *hlaut* að vera hagmæltur. Rétt eins og Steingrímur J. Sigfússon sveitungi hans (og Ragnars þess sem fyrr var getið). Hins vegar grunar mig að Erlingur sé ekki allaballi þó að ég viti það ekki – raunar heitir það víst eitthvað annað núna; ég er alveg hættur að botna í þeim hræringi öllum.

Á leiðinni til baka undir Spillinum blasir Norðureyrin við. Erlingur minnist frétta af snjóflóðinu sem féll á Norðureyri hér um árið og flóðbylgjunni sem gekk á land á Suðureyri. Hann spyr hvort hún sé þar ennþá. – Nei, hún er farin. Ætli hún hafi ekki farið suður eins og allir. Það fara allir suður á endanum. Það eru fleiri Vestfirðingar búsettir í Kirkjugörðum Reykjavíkur en þeir sem enn bolloka hér fyrir vestan.

Ég segi Erlingi frá gömlu surtarbrandsnámunni fyrir ofan Botn í Súgandafirði. Mikill assgotans munur er nú annars að hafa jarðgöngin í svona veðri. Nú vantar bara gat milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar svo að Hallgrímur Sveinsson komist í fjárhúsin á veturna. Og til þess að Jónas sýslumaður í Bolungarvík komist suður og vestur aftur. Hér eru eiginlega bara tvær áttir. Maður fer suður og kemur svo vestur aftur. Reyndar eru margir sem koma ekki vestur aftur.

Við komum aftur í þokkalega veðrið í Tungudal. Nýi golfskálinn er orðinn tvær hæðir. Við ræðum slysið hörmulega þegar snjóflóðið féll í Tungudalinn fyrir bráðum fimm árum. Þarna á víst að koma varnargarður frá Seljalandi og upp á Múlann.

Í hverfi efri millistéttar

Þó að veðrið sé gott í Skutulsfirði er hann eitthvað grámóskulegur úti fyrir. Við höldum sem leið liggur í hverfi efri millistéttar. Það hefur komið fyrir héraðsdómarann að ruglast á húsum og bílskúrum þegar hann hefur komið heim. Þetta er allt eins. Einu sinni ætlaði hann með bílinn inn í bílskúrinn hans Sigurjóns við hliðina. Bústaður sýslumannsins er skáhallt handan við götuna. Erlingur kvartar yfir því að hann skyggi á útsýnið. Bústaðurinn, ekki sýslumaðurinn.

Héraðsdómarinn afsakar sig þegar við komum inn – þetta er dálítið piparsveinslegur búskapur hjá mér svona einum. Hann finnur eitthvað handa okkur að naga. Á vegg er stækkuð ljósmynd af Svalbarði í Þistilfirði. Svalbarðsáin er óneitanlega veiðileg á myndinni. Við ræðum siðferðislegu hliðina á stangveiði – sá þykist bestur sem lengst getur kvalið fisk á önglinum. Og svo eru menn farnir að sleppa fiskinum aftur eftir að hafa kvalið hann eins lengi og þeir gátu án þess að drepa hann alveg. Sleppa honum til þess að geta kvalið hann aftur. Og aftur. Þessir menn eru ekki að veiða sér til matar heldur af hreinum sadisma.

Erlingur gefur fremur lítið út á hugleiðingar af þessu tagi.

Flóð-eitthvað á Old Trafford

Nú á leikur Manchester United og West Ham að vera að byrja í sjónvarpinu. Íþróttafréttamaðurinn tilkynnir að töf verði á leiknum vegna þess að leikvangurinn sé allur á floti. Það eru stórfelld flóð í Manchester. Það er alveg gífurlegt úrfelli í Manchester. Óvíst að nokkuð verði af leiknum út af öllum þessum vatnsgangi. En svo byrjar leikurinn og völlurinn er þurr og góður. Það var einhver pikklis í flóðljósunum. Íþróttafréttamaðurinn er líklega ekki mjög sleipur í ensku.

En þetta var þó að minnsta kosti flóð-eitthvað.

Héraðsdómarinn með fast aðsetur á Ísafirði tekur sér fast aðsetur við skjáinn. Skyldi hann ekki aðallega fylgjast með frammistöðu dómarans? Undirritaður dottar brátt í stólnum en hrekkur upp við fagnaðarlætin þegar Andy Cole skorar. Skammast sín fyrir að sofna undir leik hjá Rauðu djöflunum og lýsir því yfir að með því að sofna hafi hann alls ekki verið að láta í ljós skoðun sína á liði Manchester United. Þetta er alveg frábært lið. Sérstaklega Ryan Giggs. Á sömu stundu á Ryan Giggs gjörsamlega vonlausa sendingu.

Þegar ég vakna aftur í stólnum er staðan fjögur núll. Rétt í þann mund lánast The Hammers að skora eitt mark og bjarga andlitinu. Og þar með er leikurinn búinn. Dómarinn átti síðasta orðið.

Dómarinn á alltaf síðasta orðið.

– Hlynur Þór Magnússon.

Slagkraftur...

Kosið verður 8. maí í vor, eftir rúmar 15 vikur. Þrátt fyrir að skammt sé til kosninga bólar lítið á undirbúningi flokkanna á Vestfjörðum. Þetta mun verða í síðasta sinn, að kosið verði eftir þeirri kjördæmaskipan, sem upp var tekin 1959 og hefur verið brúkuð óbreytt í öllum aðalatriðum síðustu 40 árin. Kjördæmi sem upp voru tekin fyrir rúmri einni og hálfri öld voru þá aflögð. Einn þingmaður var kosinn í hverri sýslu landsins. Í megindráttum var því skipulagi fylgt til 1959. Það hefur marga kosti að kjósa einn þingmann í kjördæmi. Kosningin er bundin persónu. Bregðist þingmaðurinn er auðvelt að launa honum. Hann verður ekki kosinn aftur, heldur annar frambjóðandi í hans stað.

Gallar þessa kerfis voru hrópandi ranglæti. Framsóknarflokkurinn naut þess að þróun byggðar í landinu skilaði flokknum helmingi þingmanna fyrir rúmlega þriðjung atkvæða. Áhrifin voru langt umfram kjörfylgi. Flokkurinn barðist því gegn öllum leiðréttingum við fyrirkomulag kosninga.

Þeirri spurningu verður ósvarað hvort þróun mála á Íslandi hefði orðið önnur ef ranglæti við kosningar hefði ekki verið bundið í lög. Rangindin bitnuðu á öllum hinum flokkunum. Framsókn stýrði landinu í krafti minnihluta kjósenda samfellt í 15 ár, 1927 til 1942, fram í síðari heimsstyrjöld. Rifjuð hefur verið upp afstaða Hermanns Jónassonar, forsætisráðherra, til Gyðinga á árum nasismans. Hann vildi þá ekki og þeir voru sendir úr landi. Sumir þeirra munu hafa látið lífið í fangabúðum nasista.

Óvíst er hvernig aðrir pólitíkusar hefðu brugðist við og það þarfnast skoðunar sagnfræðinga. Hermanni hefur oft verið hrósað fyrir að neita Þjóðverjum um lendingarleyfi fyrir flugvélar á Íslandi þessi sömu ár. Þetta er útúrdúr. Kosið verður eftir þrjá og hálfan mánuð. Framboð flokkana eru enn óklár.

....Framsóknar....

Vægi Framsóknarflokks hefur verið mikið í stjórnmálum Íslands, stundum langt fram yfir kjörfylgi. Enginn annar pólitískur flokkur hérlendis hefur notið þessarar aðstöðu, sem betur fer, enda er þetta hróplega misræmi blettur á Íslandssögunni. Framsóknarflokkur hefur lengst af barist gegn öllum leiðréttingum á skipan kjördæma og breyttu skipulagi kosninga. Núverandi formaður virðist forverum sínum nútímalegri í þessum efnum. Flokkurinn er að vinna sér fylgi í þéttbýlinu og þingmenn þar ganga í takt við fjöldann og nútímann.

Styrkur flokksins á að byggja á þingmönnum en ekki ósanngirni rangláts fyrirkomulags kosninga. Slagkraftur flokksins verður síst minni fyrir vikið en á þeim stjórnarárum hans, er krafturinn byggðist á röngum og ranglátum kosningalögum. Reyndar má undrum sæta hvernig flokkurinn hefur siglt milli skers og báru í flestum efnum.

Engu skiptir þótt flokkurinn hasli sér völl í höfuðborginni. Annar þingmaðurinn þar hefur skoðanir sem ekki eiga mikið skylt við hefðbundna „Framsókn”. Forvitnilegt verður að fylgjast með gengi hans í prófkjöri flokksins í Reykjavík. Sú var tíðin að flokkurinn hirti ekki um höfuðborgina, trúr fyrrum foringja sínum Jónasi frá Hriflu. Hann varaði heiftarlega við sollinum í Reykjavík og því óheilbrigða lífi sem þar væri lifað. Nú er flest breytt og Ólafi Erni Haraldssyni tókst að sýna að flokkurinn gæti náð tveimur þingmönnum þar. Þá birtast gamlir borgarfulltrúar og varaþingmenn og segja: „Nú get ég!”

....Kristins H.

Framsóknarflokkurinn freistar fleiri og ekki bara í Reykjavík. Það er kunn saga að seta á Alþingi er ekki trygg til frambúðar. Jafnframt er svo komið að margir vilja leggja stjórnmál og setu á þingi fyrir sig sem ævistarf. Vissulega er þjóðinni þörf góðra þingmanna. Oft hefur verið spaugilegt að fylgjast með tilraunum þingmanna til áframhaldandi setu á Alþingi.

Nægir að minna á inngöngu meirihluta þingmanna Bandalags jafnaðarmanna í Alþýðuflokk fyrir lok fyrsta kjörtímabils þess í því skyni að ná endurkjöri. Árangurinn varð ekki sem skyldi, en nú keppir fyrrum þingmaður þess að þingsæti í nýju samfylkingunni. Borgarflokkurinn og Grænt framboð eru einnig dæmi um örvæntingarfullar tilraunir til framhaldslífs eða upphafs nýs lífs á Alþingi.

Kristinn H. Gunnarsson hefur verið þingmaður í brátt 8 ár fyrir Alþýðubandalagið á Vestfjörðum. Lífi þess er nú lokið. Kristinn fékk viðurnefnið „sleggja” í handboltanum á unga aldri, þótti greinilega hafa slagkraft. Nú hefur hann valið að leggja Framsóknarflokki lið. Enn er óvitað hvernig Framsókn á Vestfjörðum stillir upp. Þingmaðurinn Gunnlaugur hefur þótt daufur og litlaus nema helst í atvinnurekstri, þar sem hann að eigin sögn varð ríkur fyrir slysni. Kristinn hefur hins vegar komið sterkur út sem formaður sjávarútvegsnefndar síðustu vikur. Engu skal spáð um þingsæti nú, en hann er flokknum til framsóknar.

-Stakkur.



Hrói höttur og Pizza 67 á Ísafirði

Pítsusalan stóreykst

– og kúnnahópurinn stækkar, að sögn forsvarsmanna

Það er mikið étið af pítsum á norðanverðum Vestfjörðum og virðist átið fara mjög vaxandi, enda eru ákaflega góðar pítsur í boði. Á Ísafirði eru tveir pítsugerðarstaðir sem báðir eru í keðjum af bestu sort, Pizza 67 og Hrói höttur. Báðir eru með heimsendingu og jafnvel allt til Þingeyrar. Í þessum pítsukeðjum eru staðlaðar uppskriftir og sama hráefnið og sömu gæðin eiga að vera á öllum stöðunum í sömu keðju.

Pizza 67 hefur verið á Ísafirði um nokkurt árabil. Hrói höttur kom aftur á móti til skjalanna hér vestra í byrjun desember sl. en áður höfðu verið „heimapítsur“ á sama stað. Til þess að fræðast aðeins um pítsumenninguna hér um slóðir ræddi BB við Árna B. Ólafsson hjá Hróa Hetti og Sigþór Sigurðsson hjá Pizza 67.

Pítsusalan stóreykst

Árni segir að pítsusalan hjá sér hafi meira en fjórfaldast frá því að Hrói höttur kom til sögunnar hjá honum eða á liðlega hálfum öðrum mánuði. Ætla mætti að jafnframt hefði dregið eitthvað úr hjá Pizza 67, en Sigþór segir svo ekki vera: „Nei, alls ekki. Salan hjá okkur minnkaði ekki, heldur jókst. Það virðist bara hafa komið nýr kúnnahópur.“

Hver skyldi vera ástæðan fyrir margföldun á sölunni hjá Árna? Ætli það sé fyrst og fremst vörumerkið Hrói höttur eða ætli þær pítsur séu einfaldlega svo miklu betri en þær sem hann bauð upp á áður? „Ég hygg að það sé bæði merkið og líka nýi ofninn. Við erum núna með nýjan og fullkominn ofn, svokallaðan plötuofn, en ekki blástursofn. Núna eru pizzurnar stökkari en þær voru áður. Það hefur reyndar hvarflað að mér að auglýsa að við séum með bakaðar pítsur en ekki vindblásnar“, segir Árni.

Pepperóní vinsælast

Vinsælustu pítsurnar hjá Árna eru með pepperóní, sveppum og lauk og síðan koma pítsur með skinku og ananas. Sigþór hefur svipað að segja; þær áleggstegundir sem mest fer af eru skinka, pepperóní og ananas. Með pítsunum frá Hróa hetti pantar fólk einkum brauðstangir eða franskar og kók og hjá Pizza 67 er það hvítlauksbrauð eða franskar og Pepsí.

Mestu álagstímarnir í bökun og heimsendingu eru á tímanum frá klukkan sex til átta á föstudögum og laugardögum. „Og það er líka brjálað að gera þegar mikið er um að vera í fótboltanum í sjónvarpinu“, segir Sigþór.

Skyldi vera meira étið af pizzum hér vestra en syðra? „Ég hef nú ekki heildartölur um það“, segir Sigþór, „en ég býst við að það sé að minnsta kosti ekki minna hér en annars staðar. Samkvæmt tölum sem við höfum fengið vorum við söluhæsti staðurinn á landinu hjá Pizza 67 miðað við fólksfjölda á nokkurra mánaða tímabili sem tekið var saman á síðasta ári.“

Gabb úr sögunni

Sigþór og Árni eru sammála um að gabb varðandi heimsendingar sé að heita má úr sögunni, en nokkur brögð voru að slíku fyrir nokkrum árum. Ástæðan fyrir þessum umskiptum er þó væntanlega ekki sú að Vestfirðingar séu búnir að missa gabbnáttúruna, heldur hitt, að nú eru pítsustaðirnir með númerabirta og sjá því hvaðan er hringt. Ef fyrir kemur að hringt er úr síma með leyninúmer sem ekki kemur fram á skjábirti er númerið tekið niður og hringt til baka, ef sá sem tekur við pöntuninni þekkir ekki þann sem pantar. Öðru hverju kemur í fréttum að pítsusendlar syðra hafi verið rændir. „Við höfum verið alveg verið lausir við slíkt“, segir Sigþór. Aftur á móti bar svo við um fyrri helgi, að á Ísafirði var stolið merktum pítsusendibíl frá öðru fyrirtækinu. Það var reyndar undir morgun og hafi verið í honum pítsa, þá hefur hún verið orðin æði köld.

Árni segir að stefnt sé að því að pítsa sem pöntuð er í hús á Ísafirði sé komin til viðtakanda innan hálftíma frá því að hringt er. „Þó getur tíminn orðið eitthvað lengri á mestu álagstímum um helgar“, segir hann.

Mest er pantað af stórum pítsum til að senda heim, frá tólf tommum og upp í sextán eða átján tommur. Og reyndar allt upp í 32 tommur, segir Sigþór, þó að ekki sé mikið um slíkt – „en það er alltaf einhver hreyfing á þeim, aðallega í afmælisveislum og stórum partíum“.

Pítsurnar sendar víða

Báðir staðirnir senda allt til Þingeyrar ef mikið liggur við og fremur stórt er pantað. „Við sendum náttúrlega ekki eina níu tommu pítsu alla leið þangað“, segir Sigþór. Þess er líka skemmst að minnast, þegar Pizza 67 sendi pítsur og kók upp undir efstu fjallsufsir ofan við Seljalandsdal þar sem menn unnu í kulda og trekki við lyftusmíð. Þá var steypukláfurinn notaður til að flytja góðgætið upp.

Árni telur ekki ósennilegt að pítsusendlar séu einhverjir viðbragðsfljótustu menn þjóðarinnar. „Já, ég gæti trúað því. Þó verða þeir að gæta þess að aka ekki hraðar en lög gera ráð fyrir.“

Pítsukeðjurnar Pizza 67 og Hrói höttur eru í stöðugum vexti. Pizza 67 er fyrir löngu farin að hasla sér völl utan landsteinanna og næst er stefnt á strandhögg í Bandaríkjunum. Staðirnir hjá Hróa hetti eru komnir nokkuð á annan tuginn víða um landið.

Studio Dan á höttunum eftir stærra húsnæði vegna mikillar grósku í líkamsrækt

Feitir forstjórar, grannar stúlkur og allt þar á milli

Líkamsræktarstöðin Studio Dan á Ísafirði á tíu ára afmæli um miðjan júní í sumar. Umsvifin hafa farið vaxandi ár frá ári og svo er komið að húsnæðið við Hafnarstrætið er orðið allt of þröngt. Stefán Dan Óskarsson er farinn að líta í kringum sig eftir stærra húsnæði og eru nokkur hús í sigtinu hjá honum. „Við höfum gert tilboð í efra fiskvinnsluhúsið í Norðurtanganum, sem nú er í eigu Þróunarsjóðs. Við höfum reyndar gert það tvisvar. Fyrra tilboðinu var hafnað en ekki er búið að svara því síðara. Það átti að vera komið svar fyrir nokkru en það hefur dregist úr hömlu – mér virðist ekki vera mikill áhugi á að selja þessar húseignir. Síðan fengum við tilboð frá Þórði Júlíussyni um að kaupa eða taka á leigu húsið við Sundstræti sem hann keypti fyrir skömmu og hýsti áður Norðurtangabúðina, annað hvort allt húsið eða tvær neðri hæðirnar. Við getum ekki dregið miklu lengur að svara honum. Það væri líka ágætur kostur. Þórður býðst til að láta innrétta húsið miðað við þarfir okkar og leigan myndi byggjast á því hvaða kostnað hann myndi leggja í það. Einnig kemur til greina að taka það á leigu eins og það er og innrétta það sjálfur, og loks er til í dæminu að kaupa húsið“, segir Stefán Dan.

Heilsumiðstöð

Fyrrverandi vinnsluhús Norðurtangans á horninu þar sem Fjarðarstræti mætir Sundstræti og Tangagötu er alls um 1700 m² á þremur hæðum en hús Þórðar Júlíussonar er um 1070 m², einnig á þremur hæðum. „Ef af kaupum á stærra húsinu verður erum við að horfa til neðri hæðanna tveggja og í því dæmi hugsum við okkur miðstöð fyrir líkamsrækt og snyrtingu þar sem fleiri kæmu við sögu, eins og snyrtistofa, fótaaðgerðastofa, hárgreiðslustofa og jafnvel önnur ljósastofa. Hins vegar eru þetta bara þreifingar enn sem komið er, enda lítið hægt að ákveða þegar ekkert liggur ákveðið fyrir um hvort húsið fæst keypt.“

Afró-dans á næstunni

Núverandi húsnæði hjá Studio Dan er samtals um 370 m² – „þetta yrðu rosalega mikil umskipti því að við erum með ansi margt á litlum fleti. Í versluninni bjóðum við upp á góða línu í heilsuvörum og lífrænum snyrtivörum...“

– Er ekki margt af þessu bölvað húmbúkk?

„Ef til vill eitthvað, en megnið af þessu er viðurkennd vara og við höfum tekið það sem hefur gengið best annars staðar. Nú, við bjóðum upp á ýmsar tegundir af venjulegu nuddi og rafmagnsnuddi, við erum með tækjasal, spinning, körfu, skvass, eróbikk og jóga og ljósabekki og erum nú um næstu mánaðamót að fara að taka inn nýjasta æðið sem heitir Bodymax, en það er þjálfun með stöngum og lóðum. Við erum með fitubrennslu fyrir hópa og einnig einkaþjálfun, sem Nína Óskarsdóttir sér um. Síðan höfum við verið að taka inn ýmis ný námskeið, t.d. byrjar Afródans núna um mánaðamótin.“

– Hvernig er með jógað – getur fólk svifið í loftinu?

„Ég segi það nú ekki. En jóga-iðkun gefur ákaflega góða slökun til mótvægis við djöflaganginn í tækjunum og eróbikkinu. Við reynum að hafa sem mesta tilbreytingu svo að fólk verði ekki leitt á þessu.“

Að sögn Stefáns koma að jafnaði milli 150 og 200 manns á dag í Studio Dan ef allt er talið, í tæki, ljós og annað, sex daga vikunnar. Hann segir að söluaukningin á síðasta ári hafi verið milli 10 og 15 prósent en fjölgun viðskiptavina nokkru meiri, vegna þess að meira hefur verið í boði af allskyns afsláttarkortum. „Margir eru með árskort og einnig sex og níu mánaða kort. Áður var mest um tíu tíma kort og mánaðarkort.“

Viðskiptavinirnir eru af mörgu tagi

Mikil breidd er í hópi viðskiptavinanna, að sögn Stefáns. Þar eru feitir forstjórar og grannar stúlkur og allt þar á milli, bílstjórar og bakarar, bæjarfulltrúar og blaðamenn, eiginlega fólk frá 15 ára aldri og fram á áttræðisaldur. En er engin hætta á að ganga alveg frá eldra fólki með þessu sprikli?

„Ekki hefur það nú gerst enn. Nei, við reynum að fara mjög varlega í þetta og reynum að byggja fólk upp frá grunni.

– Hvernig er kynjaskiptingin?

„Ég held að það sé nú nokkuð jafnt. Að vísu voru strákarnir duglegri í tækjunum framan af, raunar voru nær eingöngu karlmenn í þeim í byrjun, en það er mikið að breytast. Það er jafnt á hjólunum en kvenfólkið er í meirihluta í eróbikkinu. En þetta hefur jafnast mikið út í einstökum greinum og er alls ekki um hreina kynjaskiptingu að ræða lengur. Nú er allt hrært saman.“

Hörkuþjálfun að bera hjól og nudda

– Ertu mikið í tækjum sjálfur?

„Það er nú bara svo mikið að gera hjá mér í nuddinu og við að stjórna stöðinni og í viðgerðum og öðru sem gera þarf, að ég kemst eiginlega ekkert í það að þjálfa mig þó að ég feginn vildi. Það er líka mikil og erfið vinna að setja hjólin inn í salinn og taka þau út aftur eftir hvern tíma. Þannig er ég í hörkuþjálfun bara af því að bera hjól.“

– Kannski ekki verra að bera hjólin en sitja á þeim?

„Ætli það sé nokkuð minni þjálfun. Við byrjuðum með 15 hjól en núna eru þau 28. Það er eitt dæmið um aukninguna. Við erum alltaf að fá nýtt fólk sem hefur aldrei komið inn í stöðina áður.“

– Er það ekki líka hörkupúl að nudda?

„Jú. Og við opnum fyrir klukkan sjö á morgnana og lokum tíu á kvöldin, þannig að vinnudagurinn er ærið langur.“

– Þú ert að allan tímann?

„Yfirleitt. Þó kemur fyrir að ég fer heim í kvöldmat en þá kem ég venjulega aftur til að ganga frá.“

– Borðarðu nokkuð nema heilsufæði?

„Já, ég borða eiginlega allan mat. Mér finnst líka ákaflega gott að borða!“

Studio Dan er fyrir nokkru komið með ljósabekki í útibúum á Þingeyri og Flateyri og er í þann mund að fara að setja upp nuddaðstöðu á báðum stöðunum. Starfsfólkið er fjórir til fimm í fullri vinnu og síðan eru nokkrir kennarar og leiðbeinendur sem sjá um ákveðna tíma.

– Fylgistu vel með nýjungum?

„Já, við erum alveg eins fljót að taka upp það sem nýjast er eins og stöðvarnar á Reykjavíkursvæðinu. Það er bara plássleysið sem háir okkur núna. Fáar stöðvar á landinu bjóða upp á eins margt og við, varla nema tvær stöðvar í Reykjavík þó að þær séu auðvitað miklu stærri, þ.e. World Class og Hreyfing (Ágústa og Hrafn). Það er alger nauðsyn fyrir okkur að fá stærra húsnæði á þessu ári. Ef það bregst að fá annað hvort þeirra húsa sem ég nefndi áðan gætu þrjú önnur komið til greina, þ.e. Niðursuðuverksmiðjan og Ritur og Sultartangi. Það er allt laust og gæti komið til álita“, sagði Stefán Dan Óskarsson.

STUTTAR FRÉTTIR

Auglýsingar á skíðasvæðum?

Stjórn Skíðafélagsins hefur sótt um leyfi til bæjaryfirvalda að fá að setja upp auglýsingaskilti á mannvirkin á skíðasvæðunum í Tungudal og á Seljalandsdal.

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar hefur fjallað um þessa beiðni og mælir með henni með því skilyrði, að verkið verði unnið í samráði við umsjónarmann skíðasvæðanna.

Lóðin verði kláruð

Fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar telur mjög brýnt, að farið verði í lóðaframkvæmdir við leikskólann Eyrarskjól þegar á komandi sumri.

Foreldrafélag Eyrarskjóls hefur farið fram á það við bæjaryfirvöld, að fé verði veitt til þess að standsetja og tækjavæða lóðina og verði því verki að mestu lokið á fyrri hluta sumars.

Gömlum nafngiftum haldið á lofti

Menningarnefnd Ísafjarðarbæjar tekur undir tillögur ferðamálafulltrúa Vestfjarða, Dorothee Lubecki, um merkingu gatna og minja í Ísafjarðarbæ. Þar má m.a. nefna, að götur Ísafjarðarbæjar verði merktar sínum gömlu nöfnum ásamt hinum nýju, t.d. Kirkjustígur/Bótargata (Hafnarstræti), Steypuhúsgata (Sólgata), Pollgata (Skipagata), Templaragata (Hrannargata), Spítalagata/Bankagata (Mánagata), Læknisgata/Pósthúsgata (Mjallargata), Urðarstígur (Urðarvegur) o.s.frv.

Einnig leggur ferðamálafulltrúi til, að sett verði skilti á gamla bæjarhólinn á Eyrartúni þar sem landnáms hér verði minnst.

Halldór Antonsson, framkvæmdastjóri og annar aðaleigandi Naglans ehf. á Ísafirði skrifar

„Tóm lygi og byggt á óvild“

Vegna fréttar í síðasta BB vil ég koma á framfæri undrun minni á þeim ummælum ónafngreinds starfsmanns Flugmálastjórnar, að ekki sé hægt að vígja flugstöðina á Ísafjarðarflugvelli vegna þess að verkið hafi farið í handaskolum í veigamiklum atriðum. Þessu vísa ég til föðurhúsanna, því að þetta er tóm lygi og byggt á óvild starfsmannsins í garð verktakans. Það er eina markmið þessa manns að koma verktakanum á kné og helst að höggva hann í herðar niður.

Rétt er að fram komi, að hönnun þaksins er að öllum líkindum röng frá hendi arkitektsins, eins og fram kemur í úttekt frá verkfræðistofunni Línuhönnun. Guðbjörn Charlesson hafði eftirlit með verkinu meðan á því stóð og gat haft afskipti af öllum atriðum varðandi framkvæmd þess. Að þessu sinni ætla ég ekki að rekja alla þá sorgarsögu og þá erfiðleika sem það hafði í för með sér fyrir verktakann, en get vissulega gert það síðar ef ég þarf að rekja byggingarsögu þessa húss.

Halldór Antonsson.

Ég tel einnig mjög alvarlegt að opinber stofnun eins og Flugmálastjórn skuli nota starfsmenn sem eru allsendis ómenntaðir í byggingafræðum til eftirlits og umsjónar með verkefni eins og þessu. Það er örugglega kominn tími til að pólitískt ráðnir starfsmenn stofnunarinnar verði látnir víkja fyrir mönnum sem hafa menntun og hæfileika til að vinna verk sín.

Útsalan

hefst fimmtudaginn

21. janúar kl. 09:00

Fyrstir koma

Fyrstir fá

vestursport

Aðalstræti 27 – Ísafirði – Sími 456 3602

Þú finnur blöðin okkar og garnið í:

- Gardínubúðin – *blöð og garn*
- Leggur og Skel – *blöð og garn*
- Laufið Bolungarvík – *blöð og garn*
- Bókabúð Jónasar – *blöð*
- Kvenfélagið Ársól Suðureyri – *blöð og garn*



GARNBÚÐIN TINNA

Hjallahrauni 2, Hafnarfirði, sími 565 4610

Lífeyrissparnaður Landsbankans

Starfsmenn Landsbanka Íslands á Ísafirði veita allar nánari upplýsingar

Frjáls viðbótar lífeyrissparnaður – allt að 2,2% og valfrelsi

Dæmi

Miðað við *2,2% af 138.000 kr.* mánaðarlaunum gæti dæmið litið svona út:

Ávöxtun

Fjárfestingartími	4%	6%	8%
- 20 ár	1.515.498	1.701.194	1.976.480
- 30 ár	2.243.307	3.046.579	4.267.071
- 40 ár	3.320.642	5.455.958	9.212.287

Landsbankinn býður einstaka leið, Lífeyrissparnað Landsbankans. Þú getur byrjað strax að safna og nýta þér frádráttinn með því að stofna Lífeyrisbók, bundinn innlánsreikning sem er óverðtryggður og er nú með 7,0% vexti. Þú getur síðan við tækifæri valið ávöxtunarleið sem hentar þér og fengið ráðgjöf um alla þá möguleika sem við bjóðum á þessu sviði.

